

Framboð til kirkjuþings

Elínborg Sturludóttir

1. kjördæmi vígðra
Reykjavíkurborg

Heiðruðu kollegar í Reykjavíkurborg!

Ég gef kost á mér til áframhaldandi setu á kirkjuþingi á komandi kjörtímabili.

Markmið mitt er að:

- hlúa að einingu og friði á vettvangi kirkjunnar
- efla vandaða stjórnslu
- styrkja stöðu safnaðanna
- skapa agað og réttlátt starfsumhverfi í Þjóðkirkjunni
- standa vörð um eignir kirkjunnar og þjónustuna um allt land.

Til þess að þetta megi verða þarf kirkjuþingið að eflast enn frekar svo það geti axlað ábyrgð sína á rekstri kirkjunnar. Brýnt er að fulltrúar á kirkjuþingi hafi bæði reynslu og þekkingu til að axla þá ábyrgð sem kirkjuþingi ber.

Mikilvægt er að hlúa að stöðugleika á kirkjulegum vettvangi og koma í veg fyrir siendurteknar sviptingar á skipulagi hennar. Mikilvægt er að sýna aðhald og hófsemi í rekstri kirkjunnar og fara vel með eignir hennar. Á tímum sem einkennast af yfirborðsmennsku og neyslu er mikilvægt að opinber ásýnd kirkjunnar rými við boðskap hennar.

Starfsreynsla

Ég vígðist til Setbergsprestakalls í Grundarfirði árið 2003 og þjónaði þar í fimm ár. Þaðan lá leiðin í Stafholt í Borgarfirði þar sem ég var sóknarprestur í áratug. Ég hef verið dómkirkjuprestur í Reykjavík frá 2018.



Menntun

Ég lauk BA prófi í heimspeki árið 1995 og brautskráðist með embættispróf í guðfræði árið 2002. Ég hef í gegnum tíðina sótt mér margvíslega endur-og símenntun, t.a.m. diplómanám í sálgæslu.

Annað

Ég hef frá blautu barnsbeini verið virk í félagsstarfi og hef setið í ýmsum stjórnnum og ráðum, bæði á kirkjulegum vettvangi sem og annars staðar.

Nánari upplýsingar um mig má nálgast á heimasíðu minni: elinborg.sturludottir.is.